



Skógræktin
Þröstur Eysteinsson, skógræktarstjóri
Miðvangi 2
700 Egilsstaðir

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. október 2016
Tilv.: UMH16100090/

Efni: Búskaparskógrækt í Vestur Húnnavatnssýslu

Með þessu bréfi felur umhverfis- og auðlindaráðherra Skógræktinni umsjón með framkvæmd verkefnis sem felur í sér átak í skógrækt í Vestur Húnnavatnssýslu sem hafi að markmiði að bæta skilyrði til búskapar og búsetu í dreifbýli.

Um er að ræða átak til eins ár sem felur í sér að þróa útfærslur á nýjum skógræktarverkefnum með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði, fjölda tækifærum fyrir bændur, auka skógarþekju og brúa bil milli skógræktar og hefðbundins landbúnaðar. Þetta verkefni tengist einnig skrefum íslensks landbúnaðar í átt til kolefnishlutleysis. Áherslan verði á:

- Skjólbeltakerfi fyrir ræktun.
- Skjóllundir fyrir búfé t.d. haustbeit stórgripa, sauðburðarhólf og önnur beitarhólf.
- Beitarskógar í tiltölulega stórum afgirtum beitarstýrðum hólfum.
- Landgræðsluskógar á illa eða ógrónu landi.
- Skjólskógar með fjölbreyttum trjágróðri þar sem tekist er á við staðbundin vindakerfi með það að markmiði að draga úr eða bægja frá sterkum vindstrengjum.
- Akurskógrækt á landi sem ekki nýtist til matvælaframleiðslu að svo stöddu.
- Fjölnytjaskógar með einhver af ofangreindum markmiðum sem og timburnytjar.

Tillaga að vinnulagi:

- a) Bændum og öðrum landeigendum á þessu svæði væri boðið upp á ráðgjöf Skógræktarinnar þeim að kostnaðarlausu þar sem farið væri yfir þá kosti sem eru í boði varðandi ofangreinda flokka skógræktar og hvernig þeir geta stutt við annan landbúnað og bætt skilyrði til búsetu.
- b) Leitað verði eftir viðhorfi bænda á svæðinu til núverandi stuðningskerfis í skógrækt og hvort og þá hverju þyrfti að breyta svo þeir sjái hag í þátttöku í því. Einnig verði leitað eftir samstarfi við hagsmunasamtök bænda.
- c) Veitt verður tímabundið auknum fjármunum, alls 7 milljónum á árinu 2017, í stuðning við skógrækt á þessu svæði með beinum framlögum í samræmi við ofangreint markmið og áherslur.

Líta ber á þetta verkefni sem þróunar- og átaksverkefni og því mikilvægt að halda til haga upplýsingum um framgang þess og leggja mat á árangur. Óskað er eftir að Skógræktin skili skýrslu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um verkefinð í lok þess.

Tengiliður ráðuneytisins við verkefnið er Björn Helgi Barkarson.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigrún Magnúsdóttir".

Sigrún Magnúsdóttir